

21-feb-2019



**Sláturfélag Suðurlands svf. - Afkoma ársins 2018**  
**Samstæða**

<b>Rekstur</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>	<b>2016</b>	<b>2015</b>	<b>2014</b>
Fjárhæðir í m.kr.					
Rekstrartekjur .....	11.571,1	11.740,8	11.859,4	10.701,3	10.628,2
Aðrar tekjur .....	150,6	52,9	45,6	52,3	51,7
Vöru- og umbúðanotkun .....	(5.360,7)	(5.825,3)	(5.877,4)	(5.593,8)	(5.734,7)
Laun og launatengd gjöld .....	(3.448,1)	(3.239,5)	(2.930,7)	(2.554,6)	(2.296,1)
Annar rekstrarkostnaður .....	(2.123,3)	(2.024,7)	(1.901,8)	(1.879,2)	(1.699,6)
Afskriftir fastafjármuna .....	(429,6)	(399,8)	(372,2)	(329,8)	(312,0)
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>360,0</b>	<b>304,4</b>	<b>822,9</b>	<b>396,2</b>	<b>637,5</b>
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага .....	0,0	0,0	0,0	0,9	14,0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	(135,3)	(108,7)	(123,1)	(112,5)	(117,4)
<b>Heildarafkoma fyrir skatta</b>	<b>224,7</b>	<b>195,7</b>	<b>699,8</b>	<b>284,6</b>	<b>534,1</b>
Tekjuskattur .....	(45,7)	(35,6)	(138,2)	(55,0)	(101,0)
<b>Heildarafkoma ársins</b>	<b>179,0</b>	<b>160,1</b>	<b>561,6</b>	<b>229,6</b>	<b>433,1</b>
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>	<b>786,7</b>	<b>691,3</b>	<b>1.187,8</b>	<b>724,4</b>	<b>948,1</b>
<b>Efnahagur</b>	<b>31.12.18</b>	<b>31.12.17</b>	<b>31.12.16</b>	<b>31.12.15</b>	<b>31.12.14</b>
Fjárhæðir í m.kr.					
Fastafjármunir .....	6.170,0	5.552,5	4.890,2	4.570,0	4.088,0
Veltufjármunir .....	3.112,4	3.104,7	3.459,0	3.397,2	3.367,0
<b>Eignir</b>	<b>9.282,4</b>	<b>8.657,2</b>	<b>8.349,2</b>	<b>7.967,2</b>	<b>7.455,0</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>5.328,9</b>	<b>5.181,2</b>	<b>4.954,1</b>	<b>4.189,1</b>	<b>3.983,8</b>
Þar af A og B-deild stofnsjóðs .....	533,5	529,9	520,6	507,2	496,0
Langtímaskuldir og skuldbindingar .....	2.435,7	2.073,5	2.119,3	2.178,8	2.141,0
Skammtímaskuldir .....	1.517,8	1.402,5	1.275,8	1.599,3	1.330,2
<b>Skuldir</b>	<b>3.953,5</b>	<b>3.476,0</b>	<b>3.395,1</b>	<b>3.778,1</b>	<b>3.471,2</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>9.282,4</b>	<b>8.657,2</b>	<b>8.349,2</b>	<b>7.967,2</b>	<b>7.455,0</b>
<b>Kennitölur</b>					
EBITDA .....	789,6	704,2	1.195,1	726,0	949,5
Innra virði .....	10,0	9,8	9,5	8,3	8,0
Veltufjárhlutfall .....	2,1	2,2	2,7	2,1	2,5
Eiginfjárhlutfall .....	57%	60%	59%	53%	53%
<b>Ársverk</b>					
Unnin ársverk .....	476	461	456	424	409



Reykjavík, 21. febrúar 2019.

Fréttatilkynning frá Sláturfélagi Suðurlands svf.

### Afkoma ársins 2018

- **Rekstrartekjur ársins 11.571 m.kr. en 11.741 m.kr. árið 2017**
- **179 m.kr. hagnaður á árinu á móti 160 m.kr. árið áður**
- **EBITDA afkoma var 790 m.kr. en 704 m.kr. árið 2017**
- **Eigið fé 5.329 m.kr. og eiginfjárlutfall 57%**

Samstæðuársreikningurinn samanstendur af ársreikningi Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélaga þess, Reykjararðs hf. og Hollt og gott ehf.

Hagnaður samstæðu Sláturfélags Suðurlands á árinu 2018 var 179 m.kr. skv. rekstrarreikningi. Árið áður var 160 m.kr. hagnaður. Eigið fé er 5.329 m.kr. og eiginfjárlutfall samstæðunnar er 57%.

Rekstrartekjur samstæðu Sláturfélags Suðurlands voru 11.571 m.kr. árið 2018, en 11.741 m.kr. árið áður og lækka því um 1%. Aðrar tekjur voru 151 m.kr. en 53 m.kr. árið áður.

Vöru- og umbúðanotkun var 5.361 m.kr. en 5.825 m.kr. árið áður. Launakostnaður var 3.448 m.kr. og hækkaði um rúm 6%, annar rekstrarkostnaður var 2.123 m.kr. og hækkaði um tæp 5%. Afskriftir hækkuðu um 8%. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 360 m.kr., en 304 m.kr. árið áður. Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld og afskriftir (EBITDA) var 790 m.kr. en var 704 m.kr. árið áður.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 135 m.kr., en voru 109 m.kr. árið áður. Gengishagnaður var 3 m.kr. samanborið við 17 m.kr. gengistap árið áður.

Reiknaður gjaldfærður tekjuskattur er 46 m.kr. en 36 m.kr. árið áður. Hagnaður af rekstri ársins var 179 m.kr. en 160 m.kr. árið áður.

Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta var 787 m.kr. árið 2018 samanborið við 691 m.kr. árið 2017. Heildareignir Sláturfélagsins 31. desember 2018 voru 9.282 m.kr. og eiginfjárlutfall 57%. Veltufjárlutfall var 2,1 árið 2018, en 2,2 árið áður.

Fjárfest var á árinu fyrir 1.057 m.kr. í varanlegum rekstrarfjármunum en 948 m.kr. árið áður. Seldar voru eignir fyrir 16 m.kr. Á árinu var fjárfest í fasteignum fyrir 477 m.kr., vélum og tækjabúnaði fyrir 553 m.kr. og bifreiðum 27 m.kr.

Samkvæmt samþykkt aðalfundar félagsins í mars 2018 var í aprílmánuði greiddur 11,73% arður af B-deild stofnsjóðs alls 21 m.kr. og reiknaðir 4% vextir á A-deild stofnsjóðs alls 14 m.kr.

Stjórnin staðfesti endurskoðaðan ársreikning félagsins á stjórnarfundi í dag.

Sláturfélagið er skráð á First North markaðinn hjá NASDAQ OMX. Sláturfélagið birtir upplýsingar um afkomu á sex mánaða fresti. Ráðgert er að birta afkomu fyrri árhelmingis ársins 2019 þann 22. ágúst 2019.

### Aðalfundur

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands verður haldinn föstudaginn 22. mars n.k. Stjórn félagsins mun þar leggja til að greiddur verði 13,26% arður af B-deild stofnsjóðs, þar af verðbótarpáttur 3,26%, alls 23,9 m.kr. eða 0,13 kr. á hvern útgefin hlut og reiknaðir 5% vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs, alls 17,7 m.kr.



### **Staða og horfur**

Fjárhagsstaða Sláturfélagsins er traust með 57% eiginfjárlutfall og veltufjárlutfall 2,1. Langtímatímaskuldir í lok árs voru 1.955 m.kr. Næsta árs afborganir eru um 86 m.kr. en lán samstæðunnar eru til langs tíma.

Afkoma afurðahluta félagsins batnaði milli ára en veiking krónu á síðari árshelmingi hafði jákvæð áhrif á útflutningstekjur sem og hærra verð á erlendum mörkuðum. Gert er ráð fyrir áframhaldandi neikvæðum áhrifum af nýjum EB tollasamningi, sérstaklega vegna opunar fyrir ferskt erlent kjöt. Jákvætt er hins vegar að kindakjötsframleiðslan er að aðlagast betur að innanlandsmarkaði.

Kjötiðnaður félagsins stendur traustum fótum og afkoma batnaði á árinu. Ímynd félagsins á markaði er góð og staða lykilverumerkja sterk sem treystir grundvöll fyrir áframhaldandi uppbyggingu félagsins sem leiðandi aðila á kjötmarkaðnum.

Innflutningshluti félagsins er traustur bæði í matvælum sem og í búvörum. Góð tækifæri eru til enn frekari vaxtar enda félagið í samstarfi við leiðandi aðila á sínu sviði.

### **Fjárhagsdagatal**

Aðalfundur 2019	22. mars 2019
Janúar – júní 2019 uppgjör	22. ágúst 2019
Júlí – desember 2019 uppgjör	20. febrúar 2020
Aðalfundur 2020	20. mars 2020

Frekari upplýsingar veitir:

Steinþór Skúlason, forstjóri í síma 575 6000 – [steinthor@ss.is](mailto:steinthor@ss.is)  
Hjalti H. Hjaltason, fjármálastjóri í síma 575 6000 – [hjalti@ss.is](mailto:hjalti@ss.is)